

**Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslu-
mannsins í Húnavatnssýslu, um skyldu óskilgetinna barna til
að ala önn fyrir föður sínum.** 55
16. apríl

Oddviti Engihlíðarhrepps hefir skotið til ráðuneytisins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 12. febr. þ. á., sem ákveður, að óskilgetin börn Vermundar Guðmundssonar frá Núpi skuli eigi skyld að framfæra hann.

Það verður að telja viðurkennt í málinu, að börn þessi, sem eru fædd áður en lög nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, öðluðust gildi, verði eigi samkvæmt eldri lögum eða 14. gr. fátækralaganna skylduð til að framfæra nefndan föður sinn. Nýmæli laga nr. 46, 27. júní 1921, taka nú aðeins til þeirra barna, sem fæðast eftir að löggin gengu í gildi, nema öðruvísi sje látið ummælt í lögnum sjálfum. Í þessu máli er það ákvægi 23. gr. laganna, sem er um að ræða. Í þeirri grein er það nýmæli, að óskilfenginn faðir sje jafnt sem skilfenginn skyldur til að halda börnum sínum, sem komin eru yfir 16 ára aldur, frá sveit, sje hann aflögufær, og í 2. málsgrein 23. gr. er skylda óskilgetins barns gagnvart föður gagnkvæm. Samkvæmt 44. gr. fer framfærsluskylda föður gagnvart óskilgetnu barni hans fæddu áður en löggin gengu í gildi eftir áðurgildum lögum og skylda barnsins gagnvart föðurnum er gagnkvæm, samkvæmt nefndri málsgrein 23. gr.

Þar sem úrskurður yðar er því rjettur, á hann að vera óhaggaður.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til frekari birtingar fyrir nefndum oddvita.

**Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til borgar-
stjórans í Reykjavík um aðgang móður að dvalarsveit sinni fyr-
ir meðlagi með óskilgetnu barni.** 56
11. sept.

Samkvæmt úrskurði um meðlag barnsföður nokkurs með óskilgetnu barni hans, fæddu 6. ágúst 1923, hefir móðir barns þessa krafist greiðslu meðlagsins fyrir fyrra misseri meðlagsársins af dvalarsveit sinni Reykjavíkurbæ og fengið fúlguna þessa greidda á fyrsta degi misserisins. Með brjefi dags. s. d. báðuð þjer, herra borgarstjóri, sýslumanninn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu að innheimta fúlguna hjá framfærslusveit barnsföður, en sýslumaður synjaði þess-

56 arar beiðni með tilvísun til 26. gr. laga nr. 46, 27. júní 1921, og misserislega
11. sept. innheimtu hjá framfærslusveit telur hann óheimila og meðlagið fyrst gjaldkræft hjá henni er eins árs meðlag er fallið í gjalddaga. Með brjefi dags. 28. f. m. óskið þjer nú úrskurðar ráðuneytisins um það, hvort þessi skilningur sýslumannsins er rjettur.

Í tilefni af þessu skal þetta tekið fram. Áður en nefnd lög nr. 46, 27. júní 1921 öðluðust gildi var gjalddagi meðlags barnsföður eftir á fyrir hvert umliðið ár, og í samræmi við það hafði barnsmóðir aðgang að dvalarsveit sinni fyrir meðlaginu að árinu liðnu og aðeins fyrir síðasta ársmeðlagi. Með 24. gr. nefndra laga er hinni eldri reglu breytt þannig, að meðlag með óskilgetnu barni skal gjalda fyrirfram fyrir hálf t ár í senn, en í 26. gr. sömu laga segir, að barnsmóðir hafi ekki heimild til að krefjast greiðslu fúlgunnar af dvalarsveit sinni nema fyrir eitt ár, en það virðist vera svo að skilja, að barnsmóðir hafi ekki aðgang að sveitinni fyrir meðlaginu fyr en ársfúlga er fallin í gjalddaga. Aðstaða barnsmóður er því þessi: hún getur krafist greiðslu meðlagsins af barnsföður misserislega fyrirfram samkvæmt 24. gr. laganna, en af sveitinni, samkvæmt 26. gr., aðeins ársfúlguna í einu að fyrri misseri meðlagsársins liðnu. Synjun sýslumannsins um innheimtuna nú þegar er því á rökum byggð.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar.

Meðlagsúrskurðurinn fylgir.

57 **Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins**
13. sept. **í Norður-Múlasýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi dagsettu 23. f. m., og beiðni hneppsnefndarinnar í Fellahreppi, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Meðalnesi að Birnufelli, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði jafnan á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

58 **Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslu-**
23. sept. **mannsins í Þingeyjarsýslu, um valdsvið sýslunefndar.**

Með brjefi dags. 27. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt ráðuneytinu frá því, að sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu hafi á síðasta aðalfundi